

GJALDSKRÁ fyrir sorphirðu í Fjallabyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar er heimilt að leggja á sorphirðugjald til að standa undir kostnaði bæjarins af sorphirðu og sorpeyðingu samkvæmt samþykkt nr. 84/2010 um meðhöndlun úrgangs í Fjallabyggð.

2. gr.

Sorhirðugjald skal lagt á allar íbúðir sem virtar eru fasteignamati. Gjalddagar sorphirðugjalds eru hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

3. gr.

Sorhirðugjöld greiðast árlega sem hér greinir:

Íbúðarhúsnaði	31.400 kr. í sorphirðugjald
Fristundahús (á skipulögðum fristundasvæðum)	15.700 kr. í sorphirðugjald

Innifalið í sorphirðugjaldi er eitt grátt sorpílát fyrir óflokkað sorp, eitt grænt sorpílát fyrir endurvinnanlegt sorp, eitt brúnt sorpílát fyrir lífrænan úrgang sem og sorphreinsun og sorpeyðing vegna þess.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar þann 6. mars 2013

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar þann 13. mars 2013.

Fjallabyggð, 24. maí 2013.

Sigurður Valur Ásbjarnarson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2013